

Sveitarfélagið Hornafjörður
Björgvin Óskar Sigurjónsson,
byggingartæknifræðingur
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. júlí 2013
Tilvísun: UST20130700058/bs


Leyfi til enduruppbyggingar grjóthleðslu á útsýnisstað í Óslandi á Höfn í Hornafirði,


Vísað er til bréfs sveitarfélagsins Hornafjarðar dags. 8. júlí sl. þar sem óskað er leyfis Umhverfisstofnunar til að ráðast í ofangreinda framkvæmd innan fólkvangsins Óslands skv. 7. gr. auglýsingar nr. 264 dags. 31. janúar 2011, en þar segir m.a.: „*Allar framkvæmdir innan fólkvangsins eru háðar leyfi sveitarfélagsins Hornafjarðar og Umhverfisstofnunar, sbr. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.*“

Í þeirri framkvæmd sem hér um ræðir flest að lagfærð verður grjóthleðsla við útsýnisplan, hleðslan er um 35 m að lengd og ca. 0,7 m há. Ráðgert er að færa hleðsluna innar á planið. Hér er um framkvæmd að ræða á núverandi útsýnisplani. Framkvæmdin mun því vart hafa neikvæð áhrif á fuglalíf og verndargildi fólkvangsins.

Umhverfisstofnun veitir leyfi fyrir framkvæmdinni eins og henni er lýst í ofangreindu bréfi sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Virðingarfyllst


Gunnlaug H. Einarsson


Björn Stefánsson
sérfræðingur